

6. september 2007 | Tónlist | 84 orð | 1 mynd

Tónlist

Háskólakór frá Varsjá í heimsókn

Kammerkór Háskólans í Varsjá – Collegium musicum, er á leið til Íslands. Kórinn, sem er skipaður reyndum söngvurum, heldur þrenna tónleika: í Neskirkju á sunnudag kl. 17; í hátíðarsal Háskóla Íslands á mánudag kl. 12.

Kammerkór Háskólans í Varsjá – Collegium musicum, er á leið til Íslands. Kórinn, sem er skipaður reyndum söngvurum, heldur þrenna tónleika: í Neskirkju á sunnudag kl. 17; í hátíðarsal Háskóla Íslands á mánudag kl. 12.30 og í Skálholti þriðjudagskvöld kl. 20. Kórinn hefur gefið úr nokkra geisladiska, nú síðast með tónlist landa síns, Szymon Kuran fiðuleikara og tónskálds, sem var virkur í íslensku tónlistarlífi í um tveggja áratuga skeið.

Hér syngur kórinn pólska tónlist frá 16. öld til nútíma eftir mörg þekktustu tónskáld Pólverja.



Szymon Kuran

mbl.is/Árvakur hf. © 2014 | Hádegismóum 2, 110 Reykjavík | sími skiptiborðs 569-1100, símbréf 569-1110